

REGLUGERÐ
um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými
sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2013.

1. gr.

Daggjöld fyrir hjúkrunarrými og sérhæfða dvöl.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrar-kostnaði án húsnaðisgjalds, sbr. 4. gr., og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2013:

A. Hjúkrunarrými.

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
401	113	Grenilundur, Grenivík	23.808
401	113	Hvammur, Húsavík	23.066
401	113	Blesastaðir, Skeiðum	22.923
401	113	Sólvellir, Eyrabakka	19.386
401	113	Roðasalir, Kópavogi	19.641
401	113	Sæborg, Skagaströnd	21.230
401	113	Silfurtún, Búðardal	21.505
401	113	Hlévangur, Reykjanesbæ	22.777
401	113	Kirkjuhvoll, Hvolsvelli	23.066
401	113	Hjúkrunarheimili, Mosfellsbæ	23.359
405	101	Hrafnista, Reykjavík	23.031
405	101	Hrafnista, Reykjavík, endurhæfing	29.015
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	23.031
407	101	Grund, Reykjavík	22.744
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	22.460
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	21.901
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	21.901
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir, endurhæfing	29.979
411	101	Garðvangur, Garði	23.359
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	22.460
413	101	Droplaugarstaðir, Reykjavík	23.031
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	23.066
415	101	Hulduhlíð, Eskifirði	23.066
416	101	Hornbrekka, Ólafsfirði	21.099
417	101	Naust, Þórshöfn	20.689
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	23.510
423	101	Höfði, Akranesi	22.744
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	22.623
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmii	22.633
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	20.422
427	101	Jaðar, Ólafsvík	22.347
428	101	Fellsendi, Búðardal	22.206
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	21.505
433	101	Dalbær, Dalvík	21.504
434	101	Öldrunarstofnun Akureyrar	22.460
436	101	Uppsalir, Fáskrúðsfirði	20.562
437	101	Heilbrigðisstofnun Suðausturlands	23.066

Liður	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
438	101	Klausturhólar	23.808
439	101	Hjallatún, Vík	21.230
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	22.910
441	101	Ás Ásbyrgi, Hveragerði	21.901
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	20.562
443	101	Vífilstaðir; Sjáland, Garðabæ	22.623
445	101	Mörk, Reykjavík	23.031
446	101	Hrafnista, Kópavogi	23.491

Daggjald að fjárhæð 21.053 kr. sem er miðað við RAI 1,00 liggur til grundvallar útreikningi á daggjöldum hjúkrunarrýma.

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að heimilismaður hverfi af stofnun í stuttan tíma, svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar, enda hafi heilbrigðisfyrvöld ekki aukakostnað af dvölinni.

Fari heimilismaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 45 daga.

Við andlát heimilismanns eða þegar heimilismaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald í allt að sjö daga. Ef heimilismaður í hvíldarrými andast skal greiða fullt daggjald í allt að tvo daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna sjúklinga með langvinna nýrnasjúkdóma þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á sjúkrahús. Sjúkrahúsíð greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á það. Greiða skal 1.575 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern sjúkling með langvinnan nýrnasjúkdóm sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á sjúkrahúsi.

B. Sérhæfð dvöl.

Stofnun	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
477	110	Árborg, dagdvöl aldraðra v/minnissjúkra	12.160
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði, geðrými	16.986
477	110	Dagdvöl aldraðra Reykjanesbæ v/minnissjúkra	12.160
477	110	Maríuhús, Reykjavík	12.160
477	110	Dagdvöl Eyjafjarðarsveitar	12.160
474	110	Dagdvöl og endurhæfingarstöð MS-sjúklinga	11.090
477	110	Drafnarhús, Hafnarfirði	12.160
470	110	Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra	12.877
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	12.160
477	110	Hrafnista í Reykjavík, dagdvöl endurhæfing	15.181
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	12.160
412	171	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild	29.564
472	110	Hlíðarbær, Reykjavík	12.160
477	110	Lagarás, Egilsstöðum v/minnissjúkra	12.160
473	110	Lindargata, Reykjavík	12.160
475	110	Múlabær, Reykjavík	7.945
477	110	Roðasalir, Kópavogi	12.160
434	110	Öldrunarstofnun Akureyrar v/ minnissjúkra	12.160

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 970 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

2. gr.

Daggjöld fyrir dvalarrými og dagdvalarrými.

Daggjöldum vegna dvalarrýma fyrir aldraða og vegna dagdvalar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2013:

- | | |
|---|------------|
| 1. Dvalargjald á dvalarrými fyrir aldraða | 10.750 kr. |
| 2. Gjald á dagdvöl fyrir aldraða | 5.580 kr. |

Nauðsynlegur flutningskostnaður heimilismanna er innifalinn í dagvalargjaldi. Þeir sem njóta þjónustu dagdvalar skulu greiða 970 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Dvalargjald til dvalarheimilis fyrir aldraða er greitt frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem heimilismaður er tekinn inn á heimilið. Dvalargjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til heimilismannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á dvalarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku heimilismanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

3. gr.

Þjónusta í hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýmum.

Innifalin í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta sem heimilis-mönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðispjónustu.

4. gr.

Húsnæðisgjald.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða húsnæðisgjald til að mæta kostnaði vegna fasteignagjalda, trygginga, viðhalds, eftirlits og umsýslu húsnæðis sem nýtt er til reksturs hjúkrunarrýma. Gjaldið árið 2013 er 9.634 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² fyrir hvert hjúkrunarrými að meðtoldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dvalar- og dagdvalarrýmum. Gjaldið árið 2013 er 3.331 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² fyrir hvert dvalarrými að meðtoldu sameiginlegu rými og að hámarki á 30 m² fyrir dagdvalarrými að meðtoldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Viðhaldshluta í húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Framkvæmd.

Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

Nr. 1217

21. desember 2012

6. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 24. gr., 55. gr. og IV. ákvæði til bráðabirgða laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. og 3. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 47/2012, um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2012.

Velferðarráðuneytinu, 21. desember 2012.

Guðbjartur Hannesson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. desember 2012